

Fundargerð Öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 11. nóvember 2020 á Hangouts kl. 18.30

Mætt Aðalsteinn Símónarson, Ari Halldór Hjaltason og Elsa Kristín Sigurðardóttir
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Erla Sigurðardóttir boðuðu forföll

1. Skýrsla á formannfund

AS hafði sent drög að skýrslu nefndarinnar á meðlimi hennar fyrir nokkrum dögum. Aðeins var rætt um innihaldið og hún samþykkt.

Ari þurfti að fara af fundinum vegna útkalls.

2. Námskeið og vinna í vetur

Rætt um undirbúning að námskeiðum fyrir öryggisfulltrúa og einnig keppnishaldara í gerð öryggisáætlana og áhættumats. Ákveðið að boða rafrænan undirbúningsfund með nefndinni og aðilum sem væru líklegir til að hafa skoðanir og þekkingu á efninu, þ.e. allavega McKinstry bræður, Tryggva Þórðar, Ian Sykes og Garðar Sigurðsson hjá BA.

Stefnt á að halda fundinn 24. eða 26. nóvember kl. 19.30.

3. Önnur mál

- Skoðunarmenn – Því hefur verið komið á framfæri við nefndina að auka þurfi gæði skoðana fyrir keppnir. Ekki talið skynsamlegt eins og er að skoðunarmenn falli undir nefndina en ákveðið að benda stjórn AKÍS á að fólk hafi áhyggjur af gæðum skoðana.
- Sjúkraráðstefna FIA – Nefndarmönnum hefur verið boðið að skrá sig á ráðstefnu FIA um sjúkraviðbrögð sem haldin verður um miðjan desember.
- Sérhæfing nefndarmanna – Velt upp þeirri hugmynd að gott gæti verið að nefndarmenn sérhæfðu sig í ákveðnum sviðum og skapa þannig dreifðari þekkingu. Ákveðið að ræða betur þegar fleiri verða mættir.

Fundi slitið kl. 19.20

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símónarson